

**Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála  
Stjórnmálafræðideild  
Háskóla Íslands**

**Yfirlit yfir helstu verkefni  
starfsárið 2022**

Janúar 2023

## Efnisyfirlit

Frá formanni stjórnar og forstöðumanni Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála .....	3
1. Inngangur.....	4
2. Stjórnun, samstarf, rannsóknir og þróunarverkefni .....	4
2.1 Stjórn og starfsfólk .....	4
2.2 Samstarfsaðilar.....	4
2.3 Rannsóknir og þróunarverkefni.....	6
3. Útgáfa og vefir .....	7
3.1 Vef tímaritið Stjórn mála & stjórnsýsla .....	7
3.2 Vefir stofnunarinnar .....	9
3.3 Vinnupappírar.....	9
4. Fræðsla og upplýsingamiðlun um stjórnsýslu, stjórn mála og málefni líðandi stundar .....	9
4.1 Stjórnsýslufræðsla og önnur námskeið.....	9
4.2 Ráðstefnur, málþing og opnir fyrirlestrar.....	10
5. Fjármál stofnunarinnar .....	11
Viðauki 1. Viðburðir og námskeið á vegum Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála árið 2022 .....	12
Viðauki 2. Titlar og höfundar ritrýndra greina í tímaritinu <i>Stjórn mála &amp; stjórnsýsla</i> árið 2022.....	15

## Frá formanni stjórnar og forstöðumanni Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála

Árið 2022 var tuttugasta starfsár Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála. Helstu viðfangsefni voru með svipuðu móti og undanfarin ár – útgáfa, opnir fundir, námskeið og rannsóknir. Áhrifa Covid-19 gætti ekki lengur að ráði í starfseminni en stofnunin hefur þó haldið áfram að halda sum námskeið eingöngu á netinu, ekki síst námskeið sem ætluð eru kjörnum fulltrúum eða starfsfólki sveitarfélaga.

Að vanda hélt stofnunin fjölda opinna funda, málþinga og ráðstefna um ýmis viðfangsefni stjórn mála og stjórnsýslu, ýmist ein og sér eða í samstarfi við aðila á borð við Félag stjórn málafræðinga, Alþjóðamálastofnun HÍ og Félag forstöðumanna ríkisstofnana. Stofnunin leitaðist þannig sem fyrr við að vera öflugur umræðuvettvangur um málefni stjórn mála og stjórnsýslu. Þá kom stofnunin sem fyrr að rannsóknum og útgáfu á sviði opinberrar stjórnsýslu, einkum í samstarfi við kennara við Stjórn málafræðideild, og leitaðist þannig við að stuðla að fagþróun og eflingu þekkingar á því sviði.

Útgáfa tímaritsins *Stjórn mála & stjórnsýsla* skipaði að vanda mikilvægan sess í starfsemi stofnunarinnar, sem og umsjón stofnunarinnar með útgáfu *Tímarits um viðskipti og efnabagsmál* (TVE). Stöðugleiki í útgáfu slíkra tímarita er mikilvæg forsenda rannsókna og útgáfu á viðkomandi fræðasviðum. Hagnýt námskeið fyrir starfsfólk í opinberri þjónustu o.fl. nutu sem fyrr mikilla vinsælda en átján námskeið voru haldin á árinu með alls um eitt þúsund þátttakendum. Þar af voru haldin sex ný námskeið en stofnunin hefur stefnt á aukinn fjölbreytileika í framboði þar enda eftirspurnin víða mikil. Auk hefðbundinna námskeiða um stjórnsýslurétt, persónuvernd, upplýsingalög o.fl. hefur stofnunin þannig á undanförunum tveimur árum m.a. bætt við námskeiðum um fjármál sveitarfélaga, innri endurskoðun, loftslagsmál og þjálfun innri úttektaaðila gæðavottana.

Á árinu voru gerðar nokkrar breytingar á reglum um störf stofnunarinnar og m.a. var fjölgað um eitt sæti í stjórn. Helga Björg Ragnarsdóttir lét af störfum hjá Reykjavíkurborg og hætti sem fulltrúi borgarinnar í stjórn stofnunarinnar. Í hennar stað kom Þorsteinn Gunnarsson borgarritari en einnig kom ný inn í stjórnina Ragna Árnadóttir skrifstofustjóri Alþingis. Þá kom Stefánía Óskarsdóttir tímabundið inn í stjórnina sem formaður á vormánuðum, á meðan Gunnar Helgi Kristinsson formaður stjórnar var í rannsóknarleyfi. Gústaf Adolf Skúlason var í launalausum leyfi frá forstöðumannsstarfi stofnunarinnar í sex mánuði á fyrri hluta árs, á meðan hann gegndi tímabundið starfi sviðsstjóra tveggja sviða hjá Menntamálastofnun. Lára Hrönn Hlynsdóttir leysti hann af á meðan en lét síðar af störfum hjá stofnuninni og færði sig yfir til Stofnunar Sæmundar fróða við HÍ. Eru Lára þökkuð vel unnin störf hjá stofnuninni undanfarin ár og Helgu Björgu jafnframt þakkað fyrir gott samstarf á vettvangi stjórnar. Loks hóf Ásdís Björk Gunnarsdóttir störf á árinu sem verkefnisstjóri í hlutastarfi hjá stofnuninni.

Gunnar Helgi Kristinsson, stjórnarformaður, og Gústaf Adolf Skúlason forstöðumaður Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála.

## 1. Inngangur

Stofnunin starfar í samræmi við reglur um Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála og stefnumótun stjórnar á hverjum tíma. Í gildandi reglum stofnunarinnar segir m.a. eftirfarandi um hlutverk hennar:

„Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála er rannsókn-, fræðslu- og þjónustustofnun sem starfrækt er af Háskóla Íslands. Stofnunin er vettvangur samstarfs Háskóla Íslands við opinbera aðila um eflingu náms og rannsókna um stjórnun opinberra stofnana, bæði ríkis og sveitarfélaga, og vettvangur umræðu um stjórn mála og stjórnsýslu. Stofnunin heyrir undir Stjórn málafræðideild á Félagsvísindasviði. Hún starfar sem sjálfstæður aðili í tengslum við Félagsvísindastofnun HÍ.“

Í þessari ársskýrslu er gerð grein fyrir starfsemi stofnunarinnar á 20. starfsári hennar árið 2022.

## 2. Stjórnun, samstarf, rannsóknir og þróunarverkefni

### 2.1 Stjórn og starfsfólk

Stjórn Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála er kosin til þriggja ára, síðast í janúar 2023 (og þá óbreytt frá því sem var í árslok 2022). Samkvæmt reglum stofnunarinnar skipar forseti Félagsvísindasviðs stofnuninni sjö manna stjórn til þriggja ára. Deildarfundur í Stjórn málafræðideild tilnefnir þrjá menn í stjórnina og rektor Háskóla Íslands einn. Forseti Félagsvísindasviðs skipar þrjá stjórnarmenn án tilnefningar, m.a. frá samstarfsaðilum stofnunarinnar sem samningar hafa verið gerðir við. Fulltrúar Stjórn málafræðideildar í stjórn eru: Gunnar Helgi Kristinsson prófessor, formaður stjórnar, Eva Marín Hlynsdóttir prófessor og Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir prófessor. Aðrir í stjórn eru: Pétur Berg Matthíasson sérfræðingur í forsætisráðuneytinu sem er fulltrúi ráðuneytisins, Ragna Árnadóttir skrifstofustjóri Alþingis, Þorsteinn Gunnarsson borgarritari sem er fulltrúi Reykjavíkurborgar og Trausti Fannar Valsson dósent við Lagadeild HÍ sem tilnefndur er af rektor HÍ. Stjórnin fundaði einu sinni á árinu, í janúar.

Skrifstofa Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála er sem fyrr í húsnæði Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands í Gimli við Sæmundargötu. Á fyrri hluta árs var Gústaf Adolf Skúlason í tímabundnu leyfi frá starfi forstöðumanns hjá stofnuninni á meðan hann gegndi tímabundið starfi sviðsstjóra tveggja sviða hjá Menntamálastofnun. Lára Hrönn Hlynsdóttir leysti hann af en lét síðar af störfum hjá stofnuninni og hóf störf hjá Stofnun Sæmundar fróða við HÍ. Ásdís Björk Káradóttir hóf störf hjá stofnuninni á árinu, sem verkefnisstjóri í hlutastarfi. Loks hafði Haukur Arnþórsson sem fyrr umsjón með vef tímaritsins *Stjórn mála & stjórnsýsla*, sem og vef *Tímarits um viðskipti og efnabagsmál (TVE)*. Stofnunin þakkar Láru Hrönn fyrir vel unnin störf og óskar henni velfarnaðar á nýjum vettvangi.

### 2.2 Samstarfsaðilar

Stofnunin er samstarfsvettvangur kennara í stjórnsýslu- og stjórn málafræðum sem eiga á þessum vettvangi samstarf við fjölmarga aðila utan Háskóla Íslands, s.s. forsætisráðuneytið,

Reykjavíkurborg, umboðsmann Alþingis og ýmsar opinberar stofnanir en einnig Samband íslenskra sveitarfélaga, Félag stjórn málafræðinga, Félag forstöðumanna ríkisstofnana o.fl. Þá starfar stofnunin með kennurum og fræðimönnum í öðrum stofnunum og deildum Háskóla Íslands og annarra háskóla, sjálfstætt starfandi sérfræðingum og sérfræðingum ráðgjafafyrirtækja m.a. vegna skipulagningar á málþingum, fræðslufundum og lengri og skemmri námskeiðum um stjórnsýslu og stjórnun í opinberum rekstri fyrir starfsfólk stjórnsýslunnar og stjórnendur opinberra stofnana.

Reykjavíkurborg hefur verið formlegur samstarfsaðili stofnunarinnar frá upphafi og er samstarfið stofnuninni mjög mikilvægt. Í gildandi þjónustusamningi stofnunarinnar við borgina er fjallað um þjónustuverkefni, stjórnsýsluskóla, hagnýt rannsóknarverkefni og um málþing og opna fundi. Á árinu vann Trausti Fannar Valsson, dósent við Lagadeild HÍ og fulltrúi rektors í stjórn stofnunarinnar, m.a. ítarlegt minnisblað f.h. stofnunarinnar um stjórnskipulegt málefni fyrir borgina auk þess að halda sérstakt námskeið fyrir nýkjörna borgarfulltrúa. Þá sóttu 36 starfsmenn borgarinnar almenn námskeið stofnunarinnar á árinu, á sérstökum afsláttarkjörum sem borgin nýtur hjá stofnuninni. Loks hóf stofnunin á árinu undirbúning að því að halda árlega ráðstefnu EURA um rannsóknir á málefnum þéttbýlis og er Reykjavíkurborg meðal samstarfsaðila stofnunarinnar þar. Ráðstefnan verður haldin í Háskóla Íslands dagana 22.-24. júní 2023.

Að vanda stóð stofnunin fyrir sex vikna námskeiði í stjórnsýslurétti í byrjun árs, en stofnunin hefur haft samstarf við forsætisráðuneytið, umboðsmann Alþingis og kennara við Lagadeild HÍ um slíkt námskeiðahald frá árinu 2005. Stofnunin hefur jafnframt lengi verið með þjónustusamning við forsætisráðuneytið og í núgildandi samningi er fjallað um rannsóknarverkefni um árangur í stefnumótun, framkvæmd könnunar á stöðu stefnumótunar innan Stjórnarráðsins, stjórnsýsluskóla fyrir starfsfólk Stjórnarráðsins, hagnýt rannsóknarverkefni fyrir háskólanema og samstarf um málþing og opna fundi. Á árinu 2021 sá stofnunin síðast um framkvæmd framangreindrar könnunar á stöðu stefnumótunar, sem framkvæmd hefur verið annað hvert ár. Þá vinna þeir Gunnar Helgi Kristinsson prófessor í stjórn málafræði og Pétur Berg Matthíasson hjá forsætisráðuneytinu saman að rannsókn á árangri stjórnsýsluumbóta sem stofnunin hefur jafnframt komið að. Enn fremur kom lögfræðingur úr forsætisráðuneytinu m.a. að kennslu á sex vikna námskeiði stofnunarinnar í stjórnsýslurétti. Loks má geta þess að á árinu sóttu 66 starfsmenn Stjórnarráðsins almenn námskeið stofnunarinnar.

Seðlabanki Íslands hefur undanfarin ár veitt útgáfu tímaritsins *Stjórn mála & stjórnsýsla* fjárhagslegan stuðning en í gildi er fimm ára samningur þar að lútandi sem nær til ársins 2023. Fjölmargir aðrir opinberir aðilar hafa jafnframt keypt styrktaráskriftir að tímaritinu en saman gerir þessi stuðningur stofnuninni m.a. kleift að gefa það út á prentformi.

Samstarf stofnunarinnar við *Tímarit um viðskipti og efnahagsmál (TVE)* hélt áfram á árinu 2022, en stofnunin hefur haft umsjón með útgáfu tímaritsins í samstarfi við ritstjórn þess frá því 2017. Seðlabanki Íslands, Hagfræðideild HÍ, Viðskiptadeild Háskólans á Bifröst, Viðskipafræðideild HÍ og Viðskiptafræðideild Háskólans í Reykjavík standa að útgáfu tímaritsins. Um er að ræða fræðitímarit með ritrýndum greinum sem kemur út tvisvar á ári í vefútgáfu og gefur 10 stig í matskerfi opinberra háskóla. Hlutverk stofnunarinnar við útgáfu TVE er að vinna með ritstjórn og hafa umsjón með samskiptum við höfunda og ritrýna, taka við nýjum greinum og halda utan um ritrýniferlið, auk þess að sjá um undirbúning greina í umbrot og vefútgáfu, kynningarmál,

útgáfuviðburði og fjármál. Á móti greiðir tímaritið stofnuninni árlega umsýsluþóknun. Tímaritið kom út tvisvar í vefútgáfu árið 2022, í júní og desember, með alls ellefu ritrýndum fræðigreinum. Vefsíða tímaritsins er [www.efnahagsmal.is](http://www.efnahagsmal.is).

Lítill virkni var í samstarfi stofnunarinnar við Félag forstöðumanna ríkisstofnana (FFR) á árunum í kringum Covid faraldurinn en stofnunin hafði á árunum áður m.a. haldið fjölda morgunverðarfunda í samstarfi við félagið. Í desember 2022 var þetta góða samstarf endurvakið þegar stofnunin hélt vel heppnaðan morgunverðarfund um skipulagsbreytingar hjá hinu opinbera, í samstarfi við FFR.

Meðal fjölmargra annarra samstarfsaðila stofnunarinnar má nefna Félag stjórn málafræðinga, kennara Stjórn málafræðideildar HÍ og annarra deilda og háskóla, aðrar rannsóknarstofnanir við HÍ, Sameyki o.fl. Sjá nánari umfjöllun um opna fundi um málefni líðandi stundar sem stofnunin stóð fyrir á árinu í kafla 4.2 og í viðauka 1.

## 2.3 Rannsóknir og þróunarverkefni

Segja má að veigamesta rannsóknarverkefni stofnunarinnar undanfarin ár hafi verið á lokametrunum á árinu, lögmætisverkefnið sem fjallað er um hér á eftir.

**2.3.1 Rannsóknarverkefni um lögmæti.** Árið 2018 hlaut rannsóknarverkefnið *Hefur lögmæti áhrif?* (e. Does legitimacy make a difference?) þriggja ára (2018-2020) verkefnastyrk upp á 26 milljónir úr Rannsóknasjóði Íslands (Rannís). Rannsóknin leitast við að meta hvort lögmæti hafi áhrif á hegðun fólks og þar er sjónum sérstaklega beint að skattaundanskotum, spillingu og popúlisma. Rannsóknarstjóri verkefnisins er Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor við Stjórn málafræðideild HÍ, en hlutverk stofnunarinnar í verkefninu hefur falist í að aðstoða við gagnauðvinnslu, sjá um fjármálaumsýslu og hafa umsjón með viðburðum og kynningum á rannsóknarniðurstöðum í samstarfi við rannsóknarstjóra. Framvinda rannsóknarverkefnisins var lengst af að mestu leyti samkvæmt áætlun en Covid-19 hafði m.a. áhrif á tækifæri til kynningar á greinum og einnig varð dráttur á einhverjum greinaskrifum. Í árslok 2022 var verkefnið á lokametrum, þrjár greinar á leið til erlendra ritrýndra fræðiritra og vinna að hefjast við gerð lokaskýrslu. Í maí 2022 var haldin norræn málstofa og um leið opin lokaráðstefna verkefnisins. Á ráðstefnunni flutti Peter Esaiasson, prófessor við Stjórn málafræðideild háskólans í Gautaborg, fyrirlesturinn *Skiptir sigurinn öllu máli? Um mikilvægi þess að sanngírni sé gætt í meðferð stjórnslumála til að borgararnir líti á óvinsælar ákvarðanir stjórnvalda sem lögmætar*. Gunnar Helgi Kristinsson flutti jafnframt fyrirlestur sinn *Hvernig rannsóknir á lögmæti grafa undan nálgun sáttmálabyggju að ríkinu*. Í kjölfarið fóru fram pallborðsumræður, en þátttakendur voru auk fyrrgreindra þeir Carl Dahlström, prófessor við Stjórn málafræðideild háskólans í Gautaborg, Gissur Ó. Erlingsson, prófessor við Menningar- og félagsvísindadeild háskólans í Linköping, Monika Bauhr, prófessor við Stjórn málafræðideild háskólans í Gautaborg, Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, forstöðumaður Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands og Eva H. Önnudóttir, prófessor við Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands. Fundarstjóri var Sjöfn Vilhelmsdóttir, forstöðumaður Landgræðsluskólans. Á málstofunni degi síðar fjölluðu sömu þátttakendur svo m.a. um greinar sem tengdust rannsóknum á lögmæti.

**2.3.3 Rannsóknasetur um fjölmiðlun og boðskipti.** Rannsóknasetur um fjölmiðlun og boðskipti er rannsókn-, fræðslu- og þjónustustofnun sem starfrækt er af Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri. Hlutverk þess er að auka og efla rannsóknir á sviði fjölmiðla og fréttamennsku og að vera samstarfsvettvangur á milli fræðasamfélags og fjölmiðlafólks. Setrið var gert að sjálfstæðri einingu innan Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála síðla árs 2016. Í febrúar 2022 stóðu setrið og Blaðamannafélag Íslands, í samstarfi við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála, fyrir málþingi þar sem rætt var um hvort fjölmiðlastyrkir séu forsenda fjölbreyttrar og sjálfstæðrar fjölmiðlunar. Sigríður Dögg Auðunsdóttir, formaður Blaðamannafélags Íslands opnaði fundinn og Lilja Dögg Alfreðsdóttir, ferðamála-, viðskipta- og menningarmálaráðherra flutti ávarp. Ida Willig, prófessor í fjölmiðlafræðum við Hróarskelduháskóla, fjallaði um fjölmiðlastyrki í Danmörku og Valgerður A. Jóhannsdóttir, lektor og umsjónarmaður með meistaranámi í blaða- og fréttamennsku við Háskóla Íslands, greindi frá niðurstöðum úr könnun á meðal íslenskra blaða- og fréttamanna um fjölmiðlastarfið. Þátttakendur í pallborðsumræðum voru Þórður Snær Júlíusson ritstjóri Kjarnans, Þórhallur Gunnarsson framkvæmdastjóri hjá Sýn og Valgerður A. Jóhannsdóttir, lektor og umsjónarmaður með meistaranámi í blaða- og fréttamennsku við Háskóla Íslands.

Loks skal nefna að stofnunin hefur tekið að sér afmarkaða þætti í rannsóknarverkefnum kennara við Stjórn málafræðideild, aðstoðað við frágang handrita fyrir bókaútgáfu o.fl.

### 3. Útgáfa og vefir

#### 3.1 Vef tímaritið Stjórn mála & stjórnsýsla

Stofnunin hefur gefið út vef tímaritið *Stjórn mála & stjórnsýsla* frá árinu 2005. Megintilgangur tímaritsins er að gera fræðilegt efni um íslenska stjórnsýslu og stjórn mála aðgengilegt með það fyrir augum að auka við þekkingu og efla faglega umræðu á þessu sviði. Tölublöðin eru öllum aðgengileg á vefsíðunni [www.irpa.is](http://www.irpa.is) sem stendur fyrir enskt heiti tímaritsins: *Icelandic Review of Politics & Administration – IRPA*, sem og á slóðinni [www.stjornmalogstjornsysla.is](http://www.stjornmalogstjornsysla.is). Frá árinu 2012 hefur tímaritið komið út í íslensku og ensku vefviðmóti og er hægt að velja á milli tungumála. Prentuð útgáfa kemur út einu sinni á ári, en í henni eru ritrýndu greinar vefútgáfunnar frá árinu áður og kom hún út í maí þetta starfsárið. Hátt í 100 einstaklingar og stofnanir eru áskrifendur að tímaritinu, greiða árlegt áskriftargjald og fá senda prentuðu útgáfuna. Þar af eru 10 opinberar stofnanir, ráðuneyti og félagasamtök sem styðja útgáfuna sérstaklega með styrktaráskrift. Einnig hefur Seðlabanki Íslands styrkt útgáfuna með fjárframlagi og var stuðningur bankans við útgáfuna formgerður með undirskrift styrksamnings til fimm ára árið 2019 (2019-2023). Tímaritið hefur á síðustu árum eflst og er það afar mikilvægur birtingarvettvangur fyrir fræðimenn á sviði félagsvísinda. Frá upphafi til ársloka 2022 hafa birst 293 ritrýndar fræðigreinar í tímaritinu, 69 almennar greinar og 128 bókadómar.

Sem fyrr komu út tvö tölublöð í vefútgáfu á árinu, í júní og desember, að þessu sinni með sjö og síðar sex ritrýndum fræðigreinum (sjá yfirlit yfir greinarnar í viðauka 2). Á ný voru nú haldnir útgáfufundir sem ýmist voru ekki haldnir eða eingöngu með fjarfundaformi á tímum samkomutakmarkana vegna Covid-19.

Í ritstjórn tímaritsins sitja fimm manns: Gunnar Helgi Kristinsson prófessor og aðalritstjóri, Agnar Freyr Helgason dósent, Eva H. Önnudóttir prófessor, Eva Marín Hlynsdóttir prófessor, en þau starfa öll við Stjórn málafræðideild HÍ, og loks Gústaf Adolf Skúlason forstöðumaður Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála. Umsjón með útgáfunni hafði sem fyrr forstöðumaður stofnunarinnar, en Haukur Arnþórsson hefur umsjón með vef tímaritsins.

Hjá tímaritinu er einnig ráðgefandi ritstjórn sem og International Advisory Board. Báðar ritstjórnirnar eru skipaðar virtum erlendum og innlendum fræðimönnum á fræðasviði tímaritsins. Í ráðgefandi ritstjórn eru eftirtaldir: Jóhanna K. Birnir, University of Maryland, Magnús Þorkell Bernharðsson, Williams College, Guðmundur Heiðar Frímansson, Háskólinn á Akureyri, Ólafur Þ. Harðarson, Háskóli Íslands, Indriði H. Indriðason, University of California, Riverside, Anna G. Jónasdóttir, University of Örebro, Tiina Randma-Liiv, Tallinn University of Technology, og Gyða Margrét Pétursdóttir, Háskóli Íslands.

Í International Advisory Board eru eftirfarandi: Shaun Bowler, University of California, Riverside, Donatella Della Porta, European University Institute, Sieglinde Gstöhl, College of Europe, Beatrice Halsaa, University of Oslo, Johanna Kantola, University of Helsinki, Don Kettl, University of Maryland, Mona Lena Krook, Rutgers University, Brendan O'Leary, University of Pennsylvania, Simona Piattoni, University of Innsbruck, Gerry Stoker, University of Southampton og Jos C. N. Raadschelders, University of Oklahoma.

Greinar sem birtast í tímaritinu eru metnar til 15 stiga í matskerfi opinberra háskóla. Matskerfið gerir ráð fyrir því að íslensk tímarit séu flokkuð í samræmi við það hversu strangar vísindalegar kröfur tímaritin gera við mat á greinum sem þeim berast til birtingar, en þau þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði um ritstjórnarhætti. Ritryndar greinar sem birtast í tímaritinu *Stjórn mála & stjórnsýsla* eru því metnar í hæsta flokk íslenskra fræðitímarita en matskerfið er grundvöllur mats á störfum akademískra starfsmanna við opinbera háskóla.

Ritstjórn markaði sér þá stefnu árið 2012 að sækja um skráningu á tímaritinu í erlenda gagnagrunna vísindatímarita og hefur náðst töluverður árangur í þeirri vinnu. Enn á tímaritið þó eftir að fá skráningu í mikilvæga grunna eins og Scopus. Ritstjórn og útgefandi hafa unnið að endurbótum sem eru nauðsynlegar til að fá skráningu á tímaritinu í Scopus gagnagrunninum.

Tímaritið er með aðgang að eftirfarandi samtökum og kerfum, en þessi aðgangur er grunnur að skráningu í erlenda gagnagrunna vísindatímarita:

#### 1. **CrossRef-Publishers International Linking Association (PILA)**

Sem útgefandi tímaritsins er stofnunin meðlimur í **Cross Ref Publishers International Linking Association (PILA)**. PILA úthlutar meðlimum DOI númeri sem er grundvöllur skráningar tímarita í gagnagrunna. Tímaritinu hefur verið úthlutað DOI númeri og hafa allar greinar tímaritsins frá upphafi (árið 2005) fengið slíkt númer.

#### 2. **Open Access Scholarly Publishers Association (OASPA)**

Stofnunin sem útgefandi tímaritsins fékk inngöngu í **Open Access Scholarly Publishers Association (OASPA)** árið 2013. OASPA hvetur útgefendur til að nota [Creative Commons licenses](#), sérstaklega Creative Commons Attribution License (CC-BY), sem grundvöll fyrir opinn aðgang að fræðilegu efni skv. viðurkenndri skilgreiningu á opnum aðgangi vísindatímarita. Merki

Creative Commons Licences kemur fram á forsiðu tímaritsins *Stjórnsmál & stjórnsýsla* til marks um að það fylgi viðurkenndum stöðlum um opinn aðgang.

### 3. Open Journal Systems (OJS)

Stofnunin tók í gagnid ritstjórnar- og dreifingarkerfi Open Journal Systems (OJS) árið 2013. Allar greinar sem birst hafa í tímaritinu hafa verið settar OJS kerfið. Kerfið er ritstjórnarkerfi fyrir höfunda, ritrýna og ritstjóra og styður tvíblinda ritrýni, sér um leiðbeiningar og áminningar til höfunda og ritrýna, er birtingarkerfi fyrir tímaritsgreinar á vefnum og útbýr eigin greinar í rafrænt form (export/import skrár) fyrir skráningu hjá alþjóðlegum skráningaraðilum fræðigreina.

Tímaritið er nú þegar skráð í eftirfarandi erlenda gagnagrunna vísindatímarita:

1. **Directory of Open Access Journal (DOAJ);**
2. **ProQuest** - undir ProQuest Political Science Journals;
3. **Google Scholar Metrics;**
4. **EBSCO** - EBSCO Information Services gagnagrunnur.
5. **ESCI** - Thomson Reuters Emerging Source Citation index

### 3.2 Vefir stofnunarinnar

Á vef stofnunarinnar, [www.stjornsyslustofnun.hi.is](http://www.stjornsyslustofnun.hi.is), er að finna helstu upplýsingar um starfsemi hennar, útgáfu o.fl. Á árinu var opnuð ný vefsíða stofnunarinnar, á fyrri slóð, sem tekur mið af nýjum hönnunarstaðli HÍ. Stofnunin nýtir sér einnig samfélagsmiðla til kynningar á starfseminni og heldur úti Facebook-síðu og er á Twitter. Stofnunin rekur einnig vefsíðu tímaritsins *Stjórnsmál & stjórnsýsla* ([www.irpa.is](http://www.irpa.is)) eins og fram hefur komið, auk þess að hafa umsjón með vefsíðu Valds- og lýðræðisrannsóknarinnar ([www.vol.hi.is](http://www.vol.hi.is)). Loks heldur stofnunin utan um útgáfu *Tímarits um viðskipti og efnahagsmál* (TVE) sem gefið er út á heimasíðu þess [www.efnahagsmal.is](http://www.efnahagsmal.is).

### 3.3. Vinnupappírar

Árið 2018 hóf stofnunin að birta „vinnupappíra“ (e. working papers) fræðimanna á vefsíðu sinni. Um er að ræða handrit að tímarits- og/eða ráðstefnugreinum sem enn eru á vinnslustigi og hafa því ekki farið í gegnum ritrýniferli, en viðfangsefni þeirra eru á sviðum stjórnmála- og stjórnsýslufræða. Allir vinnupappírar fá sér númer og útgáfan er skráð með ISSN númer. Vinnupappírarnir birtast á vefsíðunni undir „útgáfa“. Engar nýjar birtingar voru á árinu 2022.

## 4. Fræðsla og upplýsingamiðlun um stjórnsýslu, stjórnsmál og málefni líðandi stundar

### 4.1 Stjórnsýslufræðsla og önnur námskeið

Stofnunin hefur frá upphafi lagt mikla áherslu á að bjóða upp á styttri hagnýt námskeið sem einkum eru hugsuð fyrir starfsfólk í stjórnsýslu ríkisins og hjá sveitarfélögum. Á árinu stóð stofnunin fyrir 18 námskeiðum sem alls á annað þúsund þátttakendur sóttu, eða 1.090 þátttakendur á opnum námskeiðum auk nokkurra tuga í lokuðu námskeiði fyrir starfsfólk eins ráðuneytis. Oft er boðið upp á staðnám og fjarnám með streymi í rauntíma sem síðar er aðgengilegt sem upptaka, en með undantekningum námskeið eingöngu í staðnámi þar sem lögð er áhersla á þátttöku í umræðum og hópaverkefni. Vegna Covid faraldursins voru flest námskeið kennd eingöngu í fjarnámi síðustu ár

en árið 2022 voru mörg námskeið áfram kennd með því sniði sem gefist hefur vel, m.a. námskeið sem einkum eru ætluð sveitarfélögum.

Boðið var upp á sex ný námskeið á árinu 2022 en sem fyrr stóð stofnunin fyrir hefðbundnum námskeiðum á sviði stjórnsluréttar, um ráðningar hjá opinberum aðilum, upplýsingalög, persónuvernd, fjárhagsáætlanir sveitarfélaga, stjórnun upplýsingaöryggis o.fl. Boðið var upp á ný námskeið um innri úttektir gæðavottana (þjálfun úttektaraðila), aðgang að upplýsingum um umhverfismál, hvenær skylt sé að tilkynna aðstæður barna til barnaverndaryfirvalda, eftirlitsumhverfið og innra eftirlit hjá opinberum aðilum, hvernig eigi að fara með beiðnir um aðgang að gögnum og loks um skyldur, verkefni og tækifæri opinberra aðila á sviði loftslagsmála

Á árinu var í 18. skipti haldið *Sex vikna námskeið um stjórnslurétt fyrir starfsmenn ríkis og sveitarfélaga*, í samstarfi við forsætisráðuneytið og umboðsmann Alþingis. Námskeiðið nýtur ávallt mikilla vinsælda og umsjónarmaður þess og einn kennara árið 2022 var líkt og undanfarin ár Hafsteinn Þór Hauksson, dósent við Lagadeild Háskóla Íslands. Aðrir fyrirlesarar voru þau Anna Rut Kristjánsdóttir lögfræðingur hjá umboðsmanni Alþingis, Ásthildur Valtýsdóttir lögfræðingur í forsætisráðuneytinu, Skúli Magnússon umboðsmaður Alþingis og Tryggvi Gunnarsson fyrrverandi umboðsmaður Alþingis.

Kjartan Bjarni Björgvinsson dómari við héraðsdóm Reykjavíkur kenndi alls tólf hálfis eða eins dags námskeið á árinu á vegum stofnunarinnar, á sviði stjórnsluréttar, um gildissvið upplýsingalaga, meðferð persónuupplýsinga, ráðningar o.fl., en sjá má lista yfir námskeiðin í viðauka 1. Eitt þeirra var lokað, þ.e. haldið á vettvangi eins ráðuneytis fyrir starfsfólk þess. Kjartan kenndi jafnframt þrjú ný námskeið sem getið er hér að framan (um aðgang að upplýsingum um umhverfismál, tilkynningar til barnaverndaryfirvalda og meðferð beiðna um aðgang að gögnum).

Stefán Gíslason frá Umhverfissráðgjöf Íslands (Environice) kenndi nýtt námskeið um verkefni, skyldur og tækifæri opinberra aðila á sviði loftslagsmála. Anna Margrét Jóhannesdóttir, innri endurskoðandi Vegagerðarinnar og fyrrverandi fagstjóri innri endurskoðunar hjá Reykjavíkurborg, kenndi nýtt námskeið um eftirlitsumhverfið og innra eftirlit hjá opinberum aðilum. Gunnlaugur A. Júlíusson hagfræðingur og fyrrverandi sveitarstjóri kenndi á ný námskeið um fjárhagsáætlanir sveitarfélaga. Loks kenndi Sigurjón Þór Árnason, fyrrverandi gæða- og upplýsingaöryggisstjóri hjá Veðurstofu Íslands, nýtt námskeið um innri úttektir gæðavottana og á ný námskeið um stjórnun upplýsingaöryggis.

#### **4.2 Ráðstefnur, málþing og opnir fyrirlestrar**

Sem fyrr lagði stofnunin áherslu á að standa fyrir opnum fundum og málþingum um málefni sem eru efst á baugi varðandi stjórnsmál og stjórnslu í samstarfi við ýmsa aðila. Markhópur þessa fræðslu- og umræðuvettvangs eru stjórnendur í opinberum rekstri, starfsfólk stjórnslu ríkis og sveitarfélaga og fag-, fræði- og áhugafólk um opinbera stjórnslu og stjórnsmál. Á árinu hélt stofnunin átján opna fundi, málþing og ráðstefnur um ýmis viðfangsefni stjórnsmála og stjórnslu, ýmist ein og sér eða í samstarfi við aðra aðila. Algengast var líkt og oft áður samstarf við Félag stjórnsmálafræðinga og Alþjóðamálastofnun HÍ, en einnig kom stofnunin að fundahöldum í samstarfi við aðila á borð við Félagsfræðingafélag Íslands, Rannsóknasetur um fjölmiðlun og

boðskipti, Bláamannafélag Íslands, Norræna húsið, utanríkisráðuneytið og ýmsar námsbrautir eða deildir innan Félagsvísindasviðs HÍ. Þá skipuleggur stofnunin opna fundi á vegum TVE-Tímarits um viðskipti og efnahagsmál, en stofnunin hefur umsjón með útgáfu tímaritsins.

Ennfremur aðstoðaði stofnunin við framkvæmd norrænnar ráðstefnu sveitarstjórnafræðinga (NORKOM) sem á fimmta tug fræðimanna sóttu, frá Norðurlöndunum og nágrannaríkjum þeirra við Eyrstrasaltið. Einnig kom stofnunin að undirbúningi að ráðstefnu EURA, evrópsks vettvangs um borgarrannsóknir, sem haldin verður í HÍ í júní 2023. Fleiri aðilar innan HÍ tengjast þeim undirbúningi og Reykjavíkurborg er samstarfsaðili.

Loks var á árinu endurvakið samstarf stofnunarinnar við Félag forstöðumanna ríkisstofnana (FFR) með morgunverðarfundi um skipulagsbreytingar hjá hinu opinbera, en stofnunin hélt fjölda slíkra funda í samstarfi við FFR á árunum fyrir Covid faraldurinn. Fundurinn var vel sóttur en þar fluttu ávörp og erindi þau Kristján Sverrisson formaður FFR, Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra, Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir prófessor í opinberri stjórnsýslu og stefnumótun við HÍ og Skúli Eggert Þórðarson ráðuneytisstjóri menningar- og viðskiptaráðuneytisins.

Í viðauka 1 má finna yfirlit yfir opna fundi stofnunarinnar á árinu og samstarfsaðila, þar sem við á.

## 5. Fjármál stofnunarinnar

Háskóli Íslands og Stjórn málafræðideild leggja stofnuninni til starfsaðstöðu og almenna umsýsluþjónustu, m.a. vegna fjármála, sem auk annars styður við fjárhagslega stöðu stofnunarinnar. Félagsvísindasvið hefur jafnframt stutt við útgáfu tímaritsins *Stjórn mála & stjórnsýsla*. Að öðru leyti er stofnunin rekin fyrir sjálfsaflafé og aflar fjármagns til rekstrar með styrksamningum, þjónustusamningum, umsjón með málþingum, námskeiðum og opnum fundum, rannsóknaverkefnum, aðstoð við rannsóknir og útgáfu, áskriftum að tímariti stofnunarinnar o.fl.

Skráðar heildartekjur stofnunarinnar árið 2022 voru tæplega 39 milljónir, en stofnunin var með átta rekstrareiningar: 1) almennur rekstur; 2) rannsóknarreikningur Valds- og lýðræðisrannsóknar; 3) rannsóknarreikningur Rannsóknaseturs í fjölmiðlun og boðskiptum; 4) rannsóknarreikningur Lögmætisrannsóknar; 5) NoPSA 2020 – ráðstefna norrænna stjórn málafræðinga; 6) EURA 2023 ráðstefna; 7) *TVE-Tímarit um viðskipti og efnahagsmál*; og 8) tímaritið *Stjórn mála & stjórnsýsla*.

Staðan á meginrekstrarreikningum stofnunarinnar (almennur rekstur og tímaritið *Stjórn mála & stjórnsýsla*) í árslok 2022 var jákvæð um tæplega sjö milljónir króna.

Nánari greiningu á rekstri og fjármálum stofnunarinnar fyrir árið 2022 er að finna í greinargerð sem lögð var fyrir stjórn stofnunarinnar.

## **Viðauki 1. Viðburðir og námskeið á vegum Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála árið 2022**

### **Ráðstefnur, málþing og opnir fundir:**

#### **Eru fjölmiðlastyrkir forsenda fjölbreyttrar og sjálfstæðrar fjölmiðlun**

Málþing 7. febrúar á vegum Rannsóknaseturs um fjölmiðlun og boðskipti við HÍ og Bláðamannafélag Íslands í samstarfi við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála.

#### **Innrásin í Úkraínu**

Opinn fundur 2. mars á vegum Alþjóðamálastofnunar HÍ, Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála og Félags stjórnmálafræðinga.

#### **Stríð, mannréttindi og lýðræði: Hvaða máli skiptir alþjóðasamvinna?**

Hádegisfundur 16. mars á vegum Félags stjórnmálafræðinga, Alþjóðamálastofnunar HÍ og Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála.

#### **Alþjóðasamvinna á krossgötum: Hvert stefnir Ísland?**

Ráðstefna 20. apríl á vegum Alþjóðamálastofnunar HÍ, Norræna hússins og utanríkisráðuneytisins í samstarfi við Félag stjórnmálafræðinga og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála.

#### **Hvernig aðstæður skipta máli í baráttu gegn spillingu: Dæmið um Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og Úkraínu**

Hádegisfundur 25. apríl á vegum Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála.

#### **Sveitastjórnarkosningar 2022 – staða, kosningabaráttu og málefni**

Hádegisfundur 6. maí á vegum Félags stjórnmálafræðinga og Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála.

#### **Rétturinn til menningar sem mannréttindi: Hávaði, kynbundið ofbeldi og „menningarvörnin“**

Hádegisfundur 10. maí á vegum námsbrautar í þjóðfræði og safnafræði, Lagadeildar HÍ, Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála og Fulbright stofnunarinnar á Íslandi.

#### **Staða stjórnmálafræðinnar sem fræðigreinar í smárikjum**

Opinn fundur Stjórnmálafræðideildar HÍ og Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála 11. maí.

#### **Ólafur Þ. Harðarson sjötugur: Lýðræði, kjósendur og stjórnmálaflokkar**

Málþing 23. maí í tilefni af sjötugsafmæli Ólafs Þ. Harðarsonar, prófessors emerítus á vegum Félags stjórnmálafræðinga, í samstarfi við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála.

#### **Hverju skiptir lögmæti fyrir góða stjórnarhætti?**

Lokaráðstefna rannsóknarverkefnisins „Hefur lögmæti áhrif?“ sem Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála hélt 24. maí.

### **Dagur stjórnmálafræðinnar: Áskoranir og hlutverk sveitarstjórna**

Félag stjórnmálafræðinga og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála stóðu fyrir Degi stjórnmálafræðinnar fimmtudaginn 16. júní.

### **Kjósendur eftir kreppu: Breytingar, flökt og stöðugleiki í Alþingiskosningunum 2021**

Fyrirlestur í tilefni af útgáfu vorheftis tímaritsins *Stjórnmál & stjórnsýsla* 23. júní.

### **Umhverfisvá, sjálfbærni og umhverfisvitund**

25. ágúst stóðu Félag stjórnmálafræðinga, Félagsfræðingafélag Íslands og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála fyrir ráðstefnu. Hluti af henni var opinn fundur undir yfirskriftinni Umhverfisvá, sjálfbærni og umhverfisvitund.

### **Hádegisfundur TVE: Þjóðleg fjölbreytni í stjórnun íslenskra hlutafélaga**

11. október stóð *TVE-Tímarit um viðskipti og efnabagsmál*, að opnum hádegisfundum. Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála sá um skipulag fundarins fyrir hönd TVE.

### **Bandarísku þingkosningarnar 2022 - eftirleikur, kannanir og pólarisering**

9. nóvember stóðu Félag stjórnmálafræðinga og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála fyrir hádegisfundum um bandarísku þingkosningarnar 2022.

### **NORKOM 2022**

Málþing norrænna sveitarstjórnafræðinga var haldið í Háskóla Íslands dagana 24.-25. nóvember og hafði Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála umsjón með málþinginu.

### **Skipulagsbreytingar hjá hinu opinbera**

8. desember hélt Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála morgunverðarfund, í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana.

### **Jafnlaunastaðall: Áhrif á launamun?**

Fyrirlestur í tilefni af útgáfu haustheftis tímaritsins *Stjórnmál & stjórnsýsla* 15. desember.

Nálgast má frekari upplýsingar um fundina og upptökur af flestum þeirra á vef stofnunarinnar, [www.stjornsyslustofnun.hi.is](http://www.stjornsyslustofnun.hi.is).

## **Námskeið:**

**Hraðferð um stjórnsýsluréttinn – skilvirk meðferð mála í samræmi við stjórnsýslulög**  
18. janúar. Lokað námskeið.

**Meðferð persónuupplýsinga í stjórnsýslunni – algengustu álitæfni**  
26. janúar.

**#Metoo: Hvernig eiga vinnustaðir að bregðast við?**  
2. febrúar.

**Nýtt námskeið: Loftslagsmál: Verkefni, tækifæri og skyldur sveitarfélaga, ríkisstofnana og fyrirtækja í opinberri eigu**  
8. febrúar.

**Sex vikna námskeið í stjórnsýslurétti**  
15. febrúar - 24. mars, þriðjudaga og fimmtudaga.

**Hvernig á að standa að ráðningum hjá ríki og sveitarfélögum?**  
23. febrúar.

**Hvaða reglur gilda um starfslok opinberra starfsmanna?**  
2. mars.

**Gildissvið upplýsingalaga og helstu reglur laganna**  
9. mars.

**Nýtt námskeið: Hvernig á að fara með beiðni um aðgang að gögnum? Praktísk álitæfni**  
23. mars.

**Nýtt námskeið: Eftirlitsumhverfið og innra eftirlit hjá opinberum aðilum**  
29. mars.

**Fjárhagsáætlanir sveitarfélaga**  
15. september.

**Starfsmannamál og persónuvernd**  
28. september.

**Nýtt námskeið: Hvenær er skylt að tilkynna aðstæður barna til barnaverndaryfirvalda?**  
6. október.

**Tjáningarfrelsi opinberra starfsmanna: Hvar liggja mörkin?**  
20. október.

## Nýtt námskeið: Aðgangur að upplýsingum um umhverfismál

10. nóvember.

## Nýtt námskeið: Innri úttektir gæðavottana – þjálfun úttektaraðila

16. nóvember.

## Upplýsingaöryggi hjá opinberum stofnunum

24.-25. nóvember.

## Gildissvið upplýsingalaga og helstu reglur laganna

29. nóvember.

Flest styttri námskeiðin voru í umsjón Kjartans Bjarna Björgvinssonar héraðsdómara við Héraðsdóm Reykjavíkur. Stefán Gíslason, fyrrum sveitarstjóri sem rekur Umhverfisráðgjöf Íslands (Environice), kenndi námskeiðið um loftslagsmál og verkefni, tækifæri og skyldur sveitarfélaga, ríkisstofnana og fyrirtækja í opinberri eigu. Sex vikna námskeiðið í stjórnsýslurétti var í umsjón Hafsteins Þórs Haukssonar dósents við Lagadeild HÍ, en þar kenndu einnig þau Anna Rut Kristjánsdóttir lögfræðingur hjá umboðsmanni Alþingis, Ásthildur Valtýsdóttir lögfræðingur í forsætisráðuneytinu, Skúli Magnússon umboðsmaður Alþingis og Tryggvi Gunnarsson fyrrverandi umboðsmaður Alþingis. Anna Margrét Jóhannesdóttir, innri endurskoðandi Vegagerðarinnar og fyrrverandi fagstjóri innri endurskoðunar hjá Reykjavíkurborg, kenndi námskeiðið um eftirlitsumhverfið og innra eftirlit hjá opinberum aðilum. Gunnlaugur A. Júlíusson hagfræðingur og fyrrverandi sveitarstjóri kenndi námskeiðið um fjárhagsáætlanir sveitarfélaga. Loks kenndi Sigurjón Þór Árnason, fyrrverandi gæða- og upplýsingaöryggisstjóri hjá Veðurstofu Íslands, námskeiðin um innri úttektir gæðavottana og um upplýsingaöryggi.

## Viðauki 2. Titlar og höfundar ritrýndra greina í tímaritinu *Stjórnsmál & stjórnsýsla* árið 2022

### Fræðigreinar sem birtust í vefriti stofnunarinnar í júní 2022:

*Electoral politics after the crisis: Change, fluctuations and stability in the 2021 Althingi Election*

Agnar Freyr Helgason, Ólafur Þ. Harðarson, Jón Gunnar Ólafsson, Eva H. Önnudóttir, Hulda Þórisdóttir

*Ákvörðun þolenda ofbeldis að tilkynna brot til lögreglu*

Margrét Valdimarsdóttir

*Analyzing the Public Private Sector Wage Gap Using Difference-in-Differences*

Katrín Ólafsdóttir, Vilhjálmur Forberg Ólafsson

*Kynjaslagsíða í fréttum: Um fjölbreytni og lýðræðishlutverk fjölmiðla*

Valgerður Jóhannsdóttir, Finnborg Salome Steinþórsdóttir

*Rannsókn á tengslum kynferðis og aldurs dómara og lögmannna við úrslit dómsmála í bóradí*

Valgerður Sólnes, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, Benedikt Bogason, Kjartan Vífill Iversen

*Oft veitir lítil þúfa þungu blassi: Sjálfræðisréttur skjólstaðinga, vanlíðan vegna fráviks og traust innan heilbrigðisþjónustu*

Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir, Auður Hermannsdóttir

*Akademískt frelsi, ábyrgð og hömlur: Sjónarmið háskólakennara á Íslandi*

Guðmundur Heiðar Frímansson, Anna Ólafsdóttir, Guðrún Geirsdóttir, Sigurður Kristinsson, Valgerður S. Bjarnadóttir

### **Fræðigreinar sem birtust í vefriti stofnunarinnar í desember 2022:**

*Mock elections, electoral participation and political engagement of young people in Iceland*

Sara Þöll Finnbogadóttir og Eva Heiða Önnudóttir

*Dropinn holar steininn: Upplifun stjórnmála- og fjölmiðlafólks af óvæginni umræðu og áreitni á netinu*

Bríet B. Einarsdóttir og Jón Gunnar Ólafsson

*Corruption and State-Building: The Case of Iceland*

Gunnar Helgi Kristinsson

*Að sníða verkefarið að veruleikanum eða veruleikann að verkefarinu? Um jafnlaunastaðal og afnám kynbundinna launa*

Ragna Kemp Haraldsdóttir, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir

*„Draumastaður“ og önnur úrræði til útgöngu úr vandi*

Sveinbjörg Hjördís Þorvaldsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir

*Stofnunareðli framhaldsskóla í faraldurskreppu: Ný reynsla og breytt umboð skólastjórnenda*

Guðrún Ragnarsdóttir og Jón Torfi Jónasson